

Sp.

17. Tillaga til þingsályktunar

[17. mál]

um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela sérstakri rannsóknarnefnd, sem skipuð sé 7 mönnum og kosin af Alþingi, að láta fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi nefndin vald til þess að kalla þá fyrir sig sem hún telur eiga hlut að máli. Nefndin skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvæðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal nefndin kanna öll önnur viðskipti við varnarliðið.

Úttektin skal fara fram fyrir opnum tjöldum þannig að öllum almenningi gefist kostur á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun.

Tilgangur úttektarinnar er að kanna hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður nefndarinnar skal gefa sameinuðu þingi skýrslu að úttektinni lokinni.

Greinargerð.

Íslenskir aðalverktakar og fyrirtæki í tengslum við þá hafa starfað í rúman aldarfjórðung. Þeir hafa haft einkaleyfi á margháttuðum viðskiptum við varnarliðið. Þessi skipan mála þótti eðlileg á sínum tíma, en þó segir það sig sjálft, að margt hefur breyst síðan. Þykir því fyllilega tímabært að gera á því nákvæma úttekt, hvort þessi skipan mála sé ekki orðin úrelt og hvort ekki sé breytinga þörf.

Umræður um Íslenska aðalverktaka hafa á undanförunum árum og áratugum mjög blandast saman við almennar umræður um utanríkismál. Gagnrýnendur þessa rekstrar hafa jafnan verið — mjög gjarnan að minnsta kosti — andstæðingar markaðrar stefnu Íslendinga í varnar- og öryggismálum. Af þessum sökum hefur umræða um þessi viðskipti jafnað koðnað niður. Flutningsmenn telja að þessu þurfi að breyta, úttekt á þessum rekstri þurfi að fara fram óháð almennum skoðunum á utanríkismálum. Flutningsmenn eru raunar fylgjendur aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og náinni samstöðu og samvinnu Íslendinga með öðrum lýðræðisþjóðum. En flutningsmenn telja að það sé beinlínis í þágu þessarar samvinnu að öll viðskipti við varnarliðið séu gersamlega hafin yfir allan grun og að allir Íslendingar geri sér ljósa grein fyrir því, hvernig hátti efnahagslegum samskiptum okkar og Bandaríkjamanna í tengslum við varnarliðið svokallaða.

Þegar úttekt sem þessi skal fara fram á vegum Alþingis skiptir það auðvitað máli, að menn fellu ekki efnisdóma áður en úttektin hefur farið fram. Tilgangurinn er einmitt að afla fáanlegra upplýsinga og á grundvelli þeirra ber síðan Alþingi að taka ákvarðanir um aðra skipan mála þygi því fengnar upplýsingar gefa tilefni til.

Langvarandi einokun viðskipta býður ævinlega hættum heim og vekur ávallt spurningar. Það er í þágu allra aðila að slíkum spurningum verði svarað. Á grundvelli slíkra upplýsinga er unnt að taka skynsamlegar og réttar ákvarðanir. Liggi litlar eða engar upplýsingar fyrir er slíkt auðvitað vart mögulegt og jafnvel ógerlegt.

Flutningsmenn taka skýrt fram að þeir líta svo á að það sé í þágu styrkara samstarfs lýðræðisþjóða að öll **viðskipti** umleikis þetta samstarf séu öllum ljós. Tortryggni í slíkum efnum, af einhverjum ástæðum eða ástæðulaus, er til þess fallin að grafa undan slíku samstarfi.